



Reykjavík, 26. febrúar 2026
PON25040036

Borgarráð

Afgreiðslubréf: Heimild til að hefja vinnu við „Aðgang mála eftir 10. bekk – SkólaBúi“

Á fundi stafræns ráðs þann 25. febrúar 2026 var lögð fram heimildarbeiðni þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 30. janúar 2026, um að hefja vinnu við „Aðgang mála eftir 10. bekk – SkólaBúi“, sbr. 4. lið fundargerðar ráðsins s.d.

Lagt var til að stafrænt ráð samþykkti verkefnið og að það yrði skilgreint í fyrsta forgangi. Tillagan var samþykkt.

Óskað er eftir samþykki borgarráðs.

F.h. stafræns ráðs,

Eva Pandora Baldursdóttir,
deildarstjóri stjórnsýslu og miðlunar



Reykjavík



Reykjavík, 30. janúar 2026
PON25040036

Efni: Heimild til að hefja vinnu við „Aðgang mála eftir 10. bekk – SkólaBúi“

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja vinnu við áframhald framþróunar kerfisins SkólaBúa. Skólaþjónustan hefur tekið fyrstu skrefin með SkólaBúa, kerfi sem auðveldar starfsfólki að veita betri og skilvirkari skólaþjónustu með líðan barnsins í forgrunni. Kerfið einfaldar samvinnu og eykur yfirsýn og gagnsæi gagnvart forsjáraðilum ásamt því að auka öryggi viðkvæmra persónuupplýsinga. Kerfið er nú þegar í notkun í grunnskólum, frístundastarfi og á miðstöðvum. Gert er ráð fyrir að innleiðing í leikskólum fari fram á fyrri hluta árs 2026.

Tækifæri er til að auka notagildi vörunnar með því að styðja við lögbundin skil og tryggja varanlega lausn á aðgangi að gögnum í persónumöppu barns, þar á meðal aðgang að málum eftir útskrift úr 10. bekk. Þetta tryggir að upplýsingar glatist ekki og að borgin uppfylli skyldur sínar um ábyrga meðhöndlun upplýsinga, sérstaklega við útskrift og flutning í skóla eða leikskóla utan borgarinnar.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 og tilheyrir verkefnaklasa 80014 Vöruþróun og stafvæðing ferla. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er 4 vikur og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 6,2 m.kr., þar af tilheyra 6,2 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum. Af heildarkostnaði er áætlað að 3,8 m.kr. verði aðkeypt sérfræðiþjónusta sem tilheyrir verktakasamningum á vegum skrifstofu upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar, sem annast samningagerð og umsýslu.

Skipting rekstrarkostnaðar afurðar verkefnisins skiptist milli skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs með eftirfarandi hætti: SFS (70%) og VEL (30%).

Fjármögnun verkefnisins hefur verið staðfest og samþykkt af eiganda verkefnisins og fjármálastjóra viðkomandi sviða, dags. 25. júní 2025. Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík, 30.janúar 2026
PON25040036

Greinargerð:

Skólabúi er ein af þremur lausnum sem tilheyra regnhlífarkerfinu Búa, þróunarpalli Reykjavíkurborgar sem tryggir öruggari og skilvirkari þróun nýrra kerfa innan borgarinnar. Með því að byggja á sameiginlegum innviðum, svo sem aðgangsstýringu, þjónustusögu og tengingum milli kerfa, er hægt að þróa nýjar lausnir ofan á sameiginlegt grunnkerfi í stað þess að hefja hvert verkefni frá grunni. Þessi nálgun dregur úr tvíverknaði, eykur hagkvæmni og tryggir samræmi og öryggi í rekstri.

Fyrsta fasa verkefnisins er lokið. Kerfið hefur verið innleitt og tekið í notkun í öllum borgareknum grunnskólum Reykjavíkur ásamt frístundastarfi. Með því hefur skapast sameiginlegur grunnur utan um mál barna innan grunnskóla og tengdrar þjónustu.

Markmið verkefnisins er að þróa Skólabúa áfram sem sameiginlegt verkfæri fyrir alla sem koma að skólaþjónustu, leikskóla, grunnskóla, frístundastarf og ráðgjafa á miðstöð.

Sú heimild sem hér er óskað eftir nær til fyrstu vörðu í áframhaldandi þróun kerfisins, sem ber heitið „Aðgangur mála eftir 10. bekk“. Verkefnið felur í sér að þróa varanlega og lögformlega örugga lausn á aðgangi að málum barna eftir að þau útskrifast úr 10. bekk. Þörf er á skýrari og sjálfbærri útfærslu sem tryggir að gögn glatist ekki við útskrift, að aðgangsstýring sé í samræmi við lög og að borgin uppfylli skyldur sínar um varðveislu og ábyrga meðhöndlun upplýsinga. Eðli verkefnisins er þannig að mikilvægt er að úrbætur verði komnar í notkun fyrir sumarfrí 2026, þar sem útskrift nemenda og tilfærsla milli skólastiga á sér stað á þeim tíma.

Áætlað er að verkefnið taki um 4 vikur og er fyrirhugað að það hefjist í maí 2026. Heildarkostnaður verkefnisins er 6,2 m.kr., þar af 3,8 m.kr. í aðkeypta sérfræðiþjónustu.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Kostnaðarstaður: 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON. Verkefnaklassi 80014 Vöruþróun og stafvæðing ferla.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Arnar Ýr Sævarsdóttir,
skrifstofustjóri



Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Verkefnaráð Þjónustu og nýsköpunarsviðs

Fylgiskjöl:

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð

Frumkostnaðaráætlun/umfangsmat

Reykjavík, (x.x.2026)

Verkefnaráðsfundur: 06.11.2025

Frampróun SkólaBúa 2026

Samantekt:

Fyrsta fasa verkefnisins er nú lokið en búið er að innleiða og kenna á kerfið í öllum borgareknum grunnskólum borgarinnar ásamt frístundarstarfi. Nú tekur við næsti hluti þar sem þarf að koma einkareknu grunnskólunum inn, ásamt leikskólum svo mögulegt sé að þjónusta börn í borginni sem heild. Þegar allir aðilar eru komnir að borði er hægt að bjóða foreldrum inn í mál barnanna sinna ásamt því að ná að tengja kerfið við afgreiðslukerfi miðstöðva til þess að auka skilvirkni og gagnsæi í þjónustunni. Með nýjum fasa/verkefni næst að tengja forsjáraðila, leik- og grunnskóla, frístund, heilsugæslu og miðstöðvar í eina keðju sem mun bæta þjónustu borgarinnar.

Athugið að einungis var samþykkt að fara í fyrstu vörðu verkefnisins af fimm – Aðgangur mála eftir 10.bekk. Felur það í sér að finna varanlega lausn á aðgangi mála eftir að nemendur útskrifast úr 10.bekk.

Heildarkostnaður á fjárfestingu samkvæmt frumkostnaðaráætlun: 6,2 m.kr (fyrsta varða)

Áætlðu tímalengd verkefnis: 4 vikur

Skor í Fylki frá verkefnaráði ÞON: 4,67

Ábati 33%: 4

Útrýma tvöföldu verklagi og efla samstarf milli skólastiga, stofnana og borgarinnar. Tímasparnaður og betri þjónusta við íbúa.

Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækniinnviði og gagnahögun 33%:5

Hagræðing í rekstri, betri gagnagæði, meiri sjálfvirkni og bætt yfirsýn.

Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 5

Hefur mjög jákvæð áhrif á stóran hóp íbúa Reykjavíkurborgar.

Lagalegar kröfur – Nei

Lagaleg krafa er ekki til staðar.

Virðingarfyllst,
Verkefnaráð
Þjónustu og nýsköpunarsvið



Reykjavík



Frampróun SkólaBúa 2026: Aðgangur mála eftir 10. bekk

Eigandi:
Eigendahópur BBB

Þarfagreining

Aðgangstýringar skólabúa byggjast á nemendaskráningu. Sem þýðir að þegar barn flyst um skóla flyst persónumappan með barninu. Þetta skapar hinsvegar áskorun þegar barnið útskrifast eða fer í skóla utan borgarinnar. Mappan er hjá okkur en ekki sýnileg eða aðgengileg neinum nema hugbúnaðarpróun.

Áskorun

Ef óskað er eftir persónumöppu barns sem hefur útskrifast eða flutt úr skóla í borginni hefur skóli ekki ekki aðgang að möppuni lengur.

Markmið

• Að útfæra varanlega lausn á aðgangi og sýn á gögnum úr SkólaBúa málum eftir 10. bekk og við flutning frá Reykjavík

Áætlaður ávinningur (ábatamat)

- Einfaldari afgreiðsla þegar beðið er um gögn barns.
- Betri þjónusta við íbúa.
- Tryggir að borgin uppfylli skyldur sínar um ábyrga meðhöndlun upplýsinga.

Tímalína

Maí 2026

Kostnaður

Heildarkostnaður 6,2 m. kr.
Eignasjóður 6,2 m. kr.
Rekstur 0 m. kr.

Vörustjóri: Tindur Óli Jensson

Verkefnateymi: Hugbúnaðarteymi

Stafrænn leiðtogi: Halla María Ólafsdóttir og Magnús Bergur Magnússon




Frampróun SkólaBúa 2026

Halla María Ólafsdóttir

Tindur Óli Jensson

Eigendahópur BBB






Notkun Skólabúía

- Fjöldi skjala í Skólabúía: **+59%** frá júní 2025 (1.889 → 3.003)
- Heimsóknir í kerfið: **+150%** eftir sumarfrí
- Yfir **5.000** flettingar og **596** virkir einstakir notendur á þessu ári.

Page views
5,484

Unique visitors
596

Returning visi
0





Notendur með aðgang júní – október

Fjöldi notenda hefur fjórfaldast frá júní → október 2025 (313 – 1387)

Heimsóknir vaxa hægar, sem er **eðlilegt á þessu stigi**

Stjórnendur eru fyrst að **koma sér upp kerfinu, setja inn gögn og undirbúa** fyrir annað starfsfólk

Þegar því er lokið mun **notkunin fylgja fjölda notenda**

Virkari notkun þegar hægt er að **skrá beint inn í kerfi með færslum.**






Í hnotskurn

Fyrsta fasa verkefnisins er nú lokið en búið er að innleiða og kenna á kerfið í öllum borgareknum grunnskólum borgarinnar ásamt frístundarstarfi.

Nú tekur við næsti hluti þar sem þarf að koma einkareknu grunnskólunum inn, ásamt leikskólum svo við getum **þjónustað börn í borginni sem heild**.

Þegar allir aðilar eru komnir að borði er hægt að fara þjóða foreldrum inn í mál barnanna sinna ásamt því að ná að tengja kerfið við afgreiðslukerfi Miðstöðva til þess að auka skilvirkni og gagnsæi í þjónustunni.





Skilvirkni & áhættur

Aðgangur mála eftir 10. bekk

Þörf er fyrir að finna varanlega lausn á aðgangi mála eftir að nemendur útskrifast úr 10. bekk. Nústaða er að enginn hefur aðgang að þessum gögnum, sem skapar áhættu fyrir orðspor borgarinnar.



Vegvísir SkólaBúa 2026

Aðgangur mála eftir 10. bekk

Flæði Beiðna og tilvísana
3 umsóknir til miðstöðvar

Sjálfstætt starfandi.
Eru ekki með aðgang

Aðgangur ytri aðila
(heilsugæsla)

Aðgangur foreldra
á Mínum síðum

Auka
skilvirkni

Auka
samvinnu


Fá fólk við
borðið

Vitað

Óþekkt



Tímalína 2026





Umfangsmat “Aðgangur eftir 10.bekk”

- Virknin snýst um að geta tryggt aðgang starfsmanna að gögnum eftir að nemandi lýkur 10.bekk eða skiptir um skóla utan bæjarfélags.
- Tími 2 sprettir
- Heildarkostnaður 6,2 m.kr



Kostnaður mannauðs

2,94 m.kr

Aðkeypt þjónusta

3,255 m.kr